

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 17. desember 2019

**Mál nr. S-456/2019:**

**Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**

(*Kristín Jónsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

**gegn**

**Kristjáni Einari Sigurbjörnssyni**

(*Stefán Karl Kristjánsson lögmaður*)

## Dómur

### I.

#### Ákæra, dómkröfur o.fl.:

Mál þetta, sem dómtekið var 26. nóvember 2019, var höfðað með ákæru lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 28. maí sama ár, á hendur Kristjáni Einari Sigurbjörnssyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir hegningar-, fíkniefna- og vopnalagabrot sem hér segir:

#### 1.

Líkamsárás með því að hafa, laugardaginn 29. október 2016, utandyra við Hafnarstræti í Reykjavík, hlaupið á A, kt. [...] [,] og ýtt henni þannig að hún féll í götuna, með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á fjarenda vinstri sveifar og ótilfært þverbrot fremst á ölnarbeini vinstri handleggs.

[Mál nr. 007-2016-63280]

Telst [þetta] varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Fíkniefnalagabrot með því að hafa, laugardaginn 23. júní 2018, haft í vörslum [sínum] 0,26 g af kókaíni sem ákærði geymdi í buxnavasa og lögregla fann við leit í kjölfar afskipta á tjaldstæði við Laugardal í Reykjavík.

[Mál nr. 007-2018-43520]

Telst [þetta] varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001.

3.

Fíkniefna- og vopnalagabrot með því að hafa, sunnudaginn 29. júlí 2018, haft í vörslum sínum [0,23] g af kókaíni sem ákærði framvísaði við afskipti lögreglu á tjaldstæði vestan við [...] á [...] og í umrætt sinn borið vasahníf á almannafæri sem ákærði geymdi í úlpuvasa og lögregla fann við leit.

[Mál nr. 316-2018-6104]

Telst [þetta] varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og 1. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á framangreindum [0,49] g af kókaíni samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 og á vasahníf samkvæmt heimild í 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

[...]“

Í þinghaldi 11. nóvember 2019 gerði ákærvaldið leiðréttingu á mæligildi kókaíns í ákærulið nr. 3, auk leiðréttingar á mæligildi í upptökukröfu vegna sama efnis.

Í þinghaldi 26. nóvember 2019 lagði lögmaður brotþola fram leiðréttu og endanlega einkaréttarkröfu, svohljóðandi: „Þess er krafist að ákærði, Kristján Einar Sigurbjörnsson, kt. [...], verði dæmdur til að greiða A [749.638 krónur] í skaða- og

miskabætur. Jafnframt er krafist 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af [70.300 krónum] frá 29. október 2016 og þar til einn mánuður er liðinn frá því bótakrafan var birt ákærða, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 [um vexti og verðtryggingu], af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt í samræmi við 9. gr. sömu laga. Þá er krafist almennra skaðabótavaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 [...] af [650.000 krónum] frá 29. október 2016 til 13. nóvember 2016 en af [669.772 krónum] frá 13. nóvember 2016 til 28. nóvember 2016 og af [679.338 krónum] frá þeim degi til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafan var birt ákærða, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt í samræmi við 9. gr. sömu laga. Auk þess er gerð krafa um að brotþoli fái greiddan kostnað vegna lögmannsaðstoðar að fjárhæð [399.500 krónur], auk virðisaukaskatts.“

Sækjandi gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru, að teknu tilliti til framangreindrar leiðréttingar á upptökukröfu. Ákærði neitar sök samkvæmt 1. ákærulið en játar sök samkvæmt 2. og 3. ákærulið og samþykkir kröfu um upptöku á haldlögðum fíkniefnum og vasahníf. Ákærði krefst sýknu af ákærulið nr. 1 en vægustu refsingar vegna ákæruliða nr. 2 og 3. Varðandi einkaréttarkröfu þá krefst ákærði þess aðallega að henni verði vísað frá dómi en til vara að hún verði stórlega lækkuð. Þá krefst ákærði hæfilegra málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns og að þau greiðist úr ríkissjóði. Lögmaður bótakrefjanda gerir sömu dómkröfur og greinir í endanlegri einkaréttarkröfu.

## II.

### Málsatvik:

Samkvæmt frumskýrslu, dags. 29. október 2016, var óskað eftir aðstoð lögreglu í Hafnarstræti í Reykjavík kl. 02:04 aðfaranótt sama dags vegna manns með skerta meðvitund. Sjúkraflutningamenn voru einnig sendir af stað með sjúkrabifreið og voru þeir komnir á staðinn á undan lögreglu. Þegar lögreglumenn komu á staðinn var þeim tjáð af sjúkraflutningamönnum að ákærði hefði verið að gera sér upp flogakast. Þá hefði ákærði hlaupið í burtu þegar honum var synjað um akstur með sjúkrabifreið í fylgd með kærustu.

Við frekara eftirlit urðu lögreglumenn þess áskynja að ákærði var ítrekað að gera sér upp flogakast í nágrenni við Dómhúsið á Lækjartorgi. Þegar vegfarendur ætluðu að koma til aðstoðar virtist ákærði svara því með því að ýta og slá frá sér.

Lögreglumenn misstu sjónar á ákærða en stuttu síðar var tilkynnt um hann í nágrenninu og að það blæddi úr honum. Þegar lögreglumenn komu á staðinn reyndist ákærði vera liggjandi á jörðinni að gera sér upp flogakast. Hann virtist koma strax til meðvitundar við afskipti lögreglu og sagði að allt væri í lagi. Lögreglumenn báðu ákærða um að láta af hegðun sinni og yfirgefa staðinn.

Stuttu síðar þegar lögreglumenn hugðust fara af svæðinu kom vegfarandi til þeirra með upplýsingar um að ákærði væri að veitast að fólki í nágrenninu. Þegar lögreglumenn nálgudust ákærða fyrir utan Dómhúsið reyndist hann vera að ýta við fólki. Ákærði var þá handtekinn og færður á lögreglustöð. Hann var sjáanlega ölvaður, mjög ör í tali og hreyfingum og sjáöldur hans voru útvíkkuð. Þá virtist hann eiga erfitt með að einbeita sér og gleyma jafnóðum því sem sagt var við hann. Ákærði var látinn laus sömu nótt kl. 03:03 eftir samtali við varðstjóra.

Brotapoli, A, mætti 2. nóvember 2016 á lögreglustöðina við Hverfisgötu og lagði fram kæru vegna líkamsárásar aðfaranótt 29. október sama ár í Hafnarstræti í Reykjavík. Greindi hún frá atvikum umrædda nótt sem gátu passað við framangreind atvik varðandi handtöku ákærða o.fl. Jafnframt lýsti hún því hvernig meint líkamsárás hefði átt sér stað, hver viðbrögð hennar hefðu verið og síðar hvernig meiðsli hennar hefðu ágerst og hún leitað á slysadeild.

Samkvæmt vottorði B læknis, dags. 16. janúar 2017, leitaði brotapoli umrædda nótt kl. 04:28 á slysadeild Landspítalans, hún var slösuð, með hendi í fatla og aflagaðan vinstri úlnlið. Við röntgenmyndatöku hafi brot greinst í fyrrgreindum úlnliði og hún fengið gipsspelku. Brotapoli hafi komið í tvígang í eftirlit á göngudeild, dagana 7. og 28. nóvember 2016. Í niðurstöðu vottorðs greinir að brotapoli hafi fengið brot á vinstri fjarenda á sveifarbeini. Brotið hafi verið rétt af og gipsað. Það hafi gróið eðlilega í góðum skorðum og hún verið með gips í fjórar vikur og talið að hún næði sér vel á næstu þremur til fjórum vikum eftir að gips væri tekið af. Þessu til viðbótar hafi brotapoli verið með verki í hálsi og hægri ökkla sem bentu til vægrar tognunar og ættu að hafa lagast á næstu þremur til fjórum vikum.

Með bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 2. nóvember 2016, var brotapola gefinn kostur á því að leggja fram einkaréttarkröfu, sbr. XXVI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Einkaréttarkrafa, ásamt fylgiskjölum, dags. 22. maí 2017, barst til lögreglustjóra 26. sama mánaðar.

Við lögreglurannsókn gaf ákærði skýrsla með réttarstöðu sakbornings 8. júní 2017. Tekin var skýrsla 13. júní sama ár, símleiðis, af vitninu C, vinkonu brotaþola. Þessu til viðbótar var tekin skýrsla 20. sama mánaðar af vitninu D, vinkonu brotaþola.

Verknaðarlýsing samkvæmt ákæruliðum nr. 2 og 3 er ágreiningslaus og ákærði játar sök vegna þeirra ákæruliða. Að því virtu er skírskotað til ákæru um lýsingu á þeim málsatvikum, sbr. 4. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008.

### III.

#### Skýrslur fyrir dómi:

##### 1.

Ákærði lýsti atvikum með þeim hætti að hann hefði verið að skemmta sér með þáverandi kærustu sinni umrædda nótt í miðborginni. Hann hefði verið að gera sér upp flogaveikisköst o.fl. Til skýringar á þeirri háttsemi tók ákærði fram að hann hefði verið að reyna að ná athygli kærustunnar. Hann hefði verið haldinn athyglissýki. Þau hefðu verið á göngu en hún komin á undan honum. Lögregla hefði haft afskipti af honum um nóttina og handtekið hann á Lækjartorgi þar sem hann var búinn að haga sér illa. Ákærði myndi ekki eftir því að neinn nema lögregla hefði rætt við hann umrædda nótt vegna hinna uppgerðu veikinda o.fl.

Ákærði hefði verið ölvaður og myndi ekki vel eftir atvikum varðandi brotaþola. Ákærði myndi eftir því að hafa verið að hlaupa á eftir kærustunni sinni en hann hefði haft áhyggjur af henni. Ákærði myndi ekki eftir því að hafa hlaupið á brotaþola eða ýtt við henni. Hann myndi hins vegar eftir því að brotaþoli hefði gengið í veg fyrir hann. Nánar aðspurður um það gaf ákærði þá lýsingu að hann hefði verið að hlaupa á eftir kærustu sinni en síðan myndi hann ekkert eftir hvað gerðist eftir það. Honum hefði hins vegar verið sagt af lögreglu að hann hefði hlaupið á brotaþola eða hún gengið í veg fyrir hann. Hann sjálfur myndi hins vegar ekkert eftir því en að hann rámaði samt í það. Þá myndi ákærði ekki eftir því að hafa séð brotaþola detta á jörðina. Ákærði hefði ekki haft neinn ásetning um að ráðast á brotaþola eða vinkonur hennar.

Ákærði hefði fyrst fengið að vita um meinta líkamsárás um sjö mánuðum síðar þegar hann var boðaður til skýrslutöku hjá lögreglu. Ákærði kannaðist við framburð sinn hjá lögreglu um að hann hefði ýtt fólki frá sér til að halda sínu persónulega svæði. Ákærði tók hins vegar fram til skýringar að hann hefði verið að halda fólki frá sér en tilgangurinn með því hefði ekki verið að valda neinum líkamlegum áverkum.

## 2.

Brotapoli, A, lýsti atvikum með þeim hætti að hún ásamt fleirum hefði verið á gangi í miðborginni. Þau hefðu gengið fram á mann sem hefði legið á jörðinni í Hafnarstræti og virst vera í flogakasti. Þau hefðu hringt eftir neyðaraðstoð og beðið eftir að sjúkrabifreið kæmi á staðinn. Á meðan hefði maðurinn ýmist verið að standa upp eða hrökklast niður og þau hefðu haft áhyggjur af honum. Lögregla hefði komið á staðinn en þá hefði maðurinn skyndilega risið á fætur og ekkert virst ama að honum. Brotapoli hefði spurt lögreglu hvort ekki væri rétt að fara með manninn á sjúkrahús. Því hefði verið svarað á þá leið að ekki væri talin ástæða til þess þar sem lögregla vissi til þess að maðurinn hefði fyrr um kvöldið verið að gera sér upp flogaveikisköst. Þá hefði hún orðið þess áskynja að maðurinn hefði gengist við því.

Þegar þetta lá fyrir hefði hún gengið aðeins í burtu en D, vinkona hennar, orðið eftir. Stuttu síðar hefði brotapoli tekið eftir því að svo virtist sem maðurinn hefði farið að elta D og hún rokið í burtu frá honum. Maðurinn hefði hlaupið á ógnarhraða á eftir D og hann virst ætla að ráðast á hana og verið ógnandi. Brotapoli hefði brugðist við með því að ganga í áttina að þeim. D hefði haldið áfram og farið fram hjá henni en maðurinn hlaupið „í gegnum hana“. Nánar tiltekið hefði maðurinn sveigt aðeins frá brotapola þegar hann kom að henni en á sama tíma hefði hann ýtt við henni, eða hrint henni, með öðrum handleggnum svo að hún hentist aftur fyrir sig og lenti á vinstri hendinni og brotnaði á hendi. Umrædd atvik hefðu átt sér stað í húsasundi sem þá var á milli Hafnarstrætis 18 og 20 hjá húsnæði spilasalar Háspennu við Lækjartorg.

Nánar aðspurð um að maðurinn hefði sveigt aðeins frá henni taldi hún það geta skýrst af þeirri átt sem hann hljóp í í umrætt skipti. Hann hefði verið að fara fram hjá húshorninu við spilasalinn og stefnt inn á Lækjartorg. Maðurinn hefði haldið áfram fram hjá henni inn á Lækjartorg en lögregla komið stuttu síðar og fjarlæggt hann. Atvik hefðu gerst mjög hratt. Hún hefði gert ráð fyrir að maðurinn myndi hægja á sér en það hefði ekki gerst. Maðurinn hefði ekki virst vera að hugsa mikið um hverjar afleiðingarnar gætu orðið.

Brotapoli væri örvhent og hún hefði brotnað á þeirri hendi. Hún hefði verið frá vinnu í 4–5 vikur og verið handlama á því tímabili. Hún fyndi ennþá fyrir óþægindum í hendinni á álagstímum en hún vinni við myndskreytingar og stundi nám í grafískri hönnun. Þá hefði atvikið komið illa við hana andlega.

### 3.

Vitnið D lýsti atvikum með þeim hætti að hún hefði verið að koma af vínveitingastað með brotapolu. Þær hefðu gengið fram hjá manni sem var liggjandi á jörðinni og hann hefði virst vera í vanda og of ungur til að vera undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Þær hefðu stoppað til að athuga hvort maðurinn þyrfti á aðstoð að halda. Aðrir nærstaddir hefðu verið í svipuðu vímuástandi. D eða einhver með henni hefði hringt á lögreglu. Lögregla hefði komið á staðinn og rætt tvisvar við manninn. Ekkert hefði virst ama að honum þegar lögregla ræddi við hann. Þá hefði það komið henni á óvart hvernig ástand hans breyttist til betri vegar þegar hann talaði við lögreglu. D hefði reiðst manninum og sagt við hann á ensku að hann hefði hrætt hana og að hann ætti að skammast sín. Það hefði verið út af því að vinur hennar hefði látist nokkrum dögum áður. Þetta hefði komið illa við hana og hún ætlað að hjálpa manninum þar sem hann lá á götunni. Maðurinn hefði örugglega heyrt í henni en af viðbrögðum hans hefði mátt ráða að hann reiddist henni vegna ummælanna. Hún hefði síðan gengið hröðum skrefum í burtu.

Maðurinn hefði virst ætla að elta D, meiða hana eða valda henni tjóni. Brotapoli væri lítil í vexti og hún hefði gengið á milli en D snúið sér við á þeim tímapunkti og séð það gerast. D hefði horft á manninn þar sem hann greip í aðra hendi eða handlegg brotapolu og ýtti við henni eða hrinti henni, eins og hann vildi að hún færði sig, með þeim afleiðingum að hún lenti á jörðinni. Um hefði verið að ræða viljaverk, eina hreyfingu þar sem maðurinn greip um úlnliðinn á brotapolu og þrýsti henni niður svo að hún féll á götuna og meiddist. D hefði viljað ganga úr skugga um að brotapoli væri ómeidd. Brotapoli hefði verið mjög reið og ekki gert sér grein fyrir alvarleika meiðslanna fyrr en síðar um nóttina. D kvaðst ekki vita hvað varð um ákærða eftir þetta en hann hefði verið í fylgd með stúlku o.fl. D hefði hins vegar ekki tekið eftir því í hvaða átt stúlkan fór.

Atvik hefðu gerst mjög hratt, það hefði verið myrkur og þau átt sér stað að nóttu til seint í október eða nóvember 2016. Atvik væru henni enn í fersku minni. D staðfesti frjálsa lýsingu hennar á umræddum atvikum í skýrslu hennar hjá lögreglu, sem borin var undir hana, og tók fram að sú málsatvikalýsing væri nákvæmari þar sem hún hefði munað betur eftir atvikum á þeim tíma.

4.

Vitnið C lýsti atvikum með þeim hætti að hún hefði verið í för með brotapolu og D umrædda nótt í miðborginni. Þær hefðu komið að ákærða liggjandi á jörðinni og þær haft áhyggjur af honum. Enginn hefði virst vera að skipta sér af honum en þær spurt nærstadda um ákærða. Ákærði hefði virst vera undir áhrifum vímuefna. Hann hefði síðan rankað við sér og þær reynt að ræða við hann en það hefði gengið brösuglega. C og brotapolu hefðu verið nálægt hvor annarri og þær verið að tala saman. Ákærði og D hefðu á sama tíma staðið aðeins frá þeim og þau verið að tala saman. Fjarlægðin á milli hefði verið þannig að þær heyrðu ekki hvað hinum fór á milli.

Ákærði hefði farið að æsa sig við D og þau virst vera að rífast og hann gert sig líklegan til að ráðast á hana. D hefði orðið hrædd og hraðað sér burtu og ákærði farið á eftir henni. C og brotapolu hefði ekki litist á blikuna. Brotapoli hefði brugðist við þessu og ætlað að stoppa ákærða. Ákærði hefði verið á hlaupum og hrint brotapolu harkalega með höndunum á axlirnar svo að hún féll aftur fyrir sig og lenti með aðra hendina undir sér á jörðinni og meiddi sig. Þetta hefði verið gert af miklum krafti og brotapolu henst aftur fyrir sig. C hefði séð þessi atvik mjög greinilega en þau hefðu gerst mjög hratt. Atvik þessi hefðu átt sér stað nálægt Háspennu og Dómhúsinu við Lækjartorg. C hefði farið að huga að brotapolu þegar hún lenti á jörðinni og athygli hennar þá beinst að henni. Hún hefði því ekki verið sérstaklega að fylgjast með því hvað varð um ákærða eftir það. Hún hefði séð þegar lögregla handtók ákærða stuttu síðar og ákærði hefði ekki náð að ráðast á D. Brotapoli hefði síðar um nóttina leitað á bráðamóttöku og hún reynst vera með beinbrot.

Aðspurð kvaðst C telja að ákærði hefði vitað af brotapolu þegar hann ýtti henni. Þá kannaðist hún aðspurð ekki við það að ákærði hefði tekið sveig frá brotapolu þegar hann ýtti henni eða að brotapolu hefði stigið í veg fyrir hann. Um það hvort ákærði hefði verið í fylgd með vinkonu kvaðst C ekki vita hvort svo væri en tók hins vegar fram að einhver stelpa hefði verið á staðnum og hún gæti hafa verið með honum.

5.

Lögreglumaður nr. 0920 kvaðst hafa verið á vakt í miðborginni umrædda nótt ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum. Lögregla hefði verið búin að hafa afskipti af ákærða nokkrum sinnum um nóttina út af ölvun o.fl. og hann verið búinn að vera að gera sér upp veikindi. Lögreglumenn hefðu verið nýbúnir að ræða við ákærða út af þessu þegar skelfdur vegfarandi kom til þeirra og tjáði þeim að ákærði væri að ráðast á

fólk og hann væri að elta einhvern. Lögreglumenn hefðu hraðað sér í áttina að ákærða og handtekið hann á Lækjartorgi nálægt Dómhúsinu. Læti hefðu verið í kringum hann en á þeim tíma þegar lögregla handtók ákærða hefði hann ekki verið á hlaupum á eftir stúlku. Einn lögreglumannanna hefði einnig rætt við brotaþola. Umrædd atvik hefðu átt sér stað við bakinngang á skemmtistað í húsi sem nú væri búið að rífa en hefði staðið við gönguleið hjá Háspennu við Lækjartorg. Ákærði hefði verið fluttur á lögreglustöð en látinn laus síðar um nóttina. Ákærði hefði greinilega verið ölvaður við handtöku en unnt hefði verið að ræða við hann og hann virst vera skýr og meðtaka það sem sagt var við hann. Hið sama hefði verið um ástand hans fyrir um nóttina þegar lögreglumenn ræddu við hann út af hinum uppgerðu veikindum o.fl.

#### 6.

Vitnið B læknir gaf skýrslu símleiðis og gerði grein fyrir fyrrgreindu vottorði sem hann gaf út og niðurstöðu þess. Þá kom fram í skýrslu B að hann teldi að áverkar brotaþola gætu samrýmst falli eftir að henni hefði verið hrint.

### IV.

#### **Niðurstöður:**

##### *Ákæruliður nr. 1:*

Ákærði neitar sök. Ákærði byggir á því að hann hafi ekki haft ásetning til líkamsárásar gagnvart brotaþola. Ákærði virðist muna illa eftir atvikum en af framburði hans fyrir dómi verður ráðið að það sé vegna ölvunar umrædda nótt. Hið sama virðist að nokkru hafa verið uppi við skýrslugjöf ákærða hjá lögreglu 31. maí 2017. Framburður ákærða um að hann hafi verið ölvaður getur samrýmst framburði brotaþola og vitnanna C og D, auk framburðar lögreglumanns nr. 0920. Þá samrýmist það einnig lýsingu í frumskýrslu lögreglu á ástandi ákærða þegar hann var handtekinn umrædda nótt. Að þessu virtu verður lagt til grundvallar að ákærði hafi verið talsvert ölvaður þegar atvik áttu sér stað. Ákærði hefur borið um það fyrir dómi að hann muni ekki eftir því að hafa hlaupið á brotaþola eða ýtt við henni. Þá verður ráðið af framburði hans fyrir dómi að hann muni í raun ekki eftir því hvort brotaþoli hafi gengið í veg fyrir hann, eða að sú minning sé mjög óljós og hún kunni að hafa mótast hjá honum eftir á. Að framangreindu virtu og vegna fyrrgreinds ölvunarástands ákærða er það

mat dómsins að óvarlegt sé að byggja sérstaklega á framburði ákærða við úrlausn málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008.

Við meðferð málsins fyrir dómi hafa brotþoli og vitnin D og C borið um að atvik hafi átt sér stað í húsasundi, sem þá var á milli Hafnarstrætis 18 og 20, við húsnæði Háspennu, í gönguleið að Lækjartorgi. Samrýmist það einnig framburði lögreglumanns nr. 0920 fyrir dómi. Þá hefur dómurinn farið á vettvang og kynnt sér aðstæður en fyrir liggur að búið er að fjarlægja húsið við Hafnarstræti 18, auk bakhúss, eftir að atvik áttu sér stað. Að þessu virtu er verknaðarlýsing í ákæru um staðsetningu ekki alveg nægjanlega nákvæm en það girðir hins vegar ekki fyrir að lagður verði dómur á málið, enda hefur vörn ákærða ekki verið áfátt út af þessu atriði, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Brotþoli hefur fyrir dómi borið um að ákærði hafi hlaupið „í gegnum hana“, nánar tiltekið að ákærði hafi hlaupið að henni og líttillega sveigt frá henni og það gæti skýrst vegna þeirrar stefnu sem hann tók þegar hann nálgadist horn hússins að Hafnarstræti 20 við Lækjartorg þar sem spilasalur Háspennu er til húsa. Á sama tíma hafi hann ýtt henni svo að hún féll á götuna og slasaðist. Framburður brotþola er skýr og greinargóður og samrýmist greinargóðum framburði vitnisins D fyrir dómi, sem hefur borið um að hafa séð ákærða ýta eða hrinda brotþola viljandi þegar hann nálgadist hana svo að hún lenti á götunni og slasaðist. Þá samrýmist þetta einnig skýrum og greinargóðum framburði vitnisins C fyrir dómi, sem hefur borið um það sama, nánar tiltekið að hún hafi séð ákærða hrinda brotþola harkalega með höndunum svo að hún féll aftur fyrir sig og slasaðist. Að þessu virtu telst nægjanlega sannað að ákærði ýtti brotþola af ásetningi svo að hún féll á götuna eins og greinir í verknaðarlýsingu ákæru. Hvorki brotþoli né fyrrgreind tvö vitni hafa hins vegar borið um að ákærði hafi hlaupið á brotþola og verður ákærði sýknaður af þeim hluta verknaðarlýsingar ákæru.

Brotþoli leitaði á bráðamóttöku Landspítalans sömu nótt í beinu framhaldi af atvikum. Hún reyndist þá vera með beinbrot sem nánar greinir í áverkavottorði. B læknir staðfesti vottorðið og bar um að beinbrot brotþola samrýmdist því að brotþoli hefði fallið á jörðina eftir að hafa verið hrint. Þá hefur brotþoli borið um að hafa kennt sér meins á hendi eftir fallið og samrýmist það framburðum vitnanna D og C. Að þessu virtu er það mat dómsins að líkamlegar afleiðingar hjá brotþola, eins og þeim er lýst í verknaðarlýsingu ákæru, séu sannaðar. Að mati dómsins verða þær af-

leiðingar að minnsta kosti taldar ákærða til sakar vegna stórfellds gáleysis, eins og atvikum er háttað.

Samkvæmt öllu framangreindu verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa umrædda nótt í fyrrgreindu húsasundi við Lækjartorg ýtt brotþola þannig að hún féll á götuna með þeim líkamlegu afleiðingum sem greinir í verknaðarlýsingu ákæru. Þá er háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæðis.

#### *Ákæruliðir nr. 2 og 3:*

Ákærði hefur játað skýlaust fyrir dómi alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt framangreindum ákæruliðum og er játningin studd sakargögnum. Samkvæmt því verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir þau brot og eru þau rétt færð til refsíákvæða, sbr. og auglýsingu nr. 232/2001 um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

#### *Refsíákvörðun, einkaréttarkrafa o.fl.*

Samkvæmt sakavottorði, dags. 22. maí 2019, hefur ákærði áður gerst brotlegur við refsilög. Með lögreglustjórásátt 8. maí 2017 gekkst ákærði undir að greiða sekt og sæta ökuréttarsviptingu í tvö ár vegna brots gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a í umferðarlögum. Með lögreglustjórásátt 9. mars 2017 gekkst ákærði undir að greiða sekt vegna brots gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni. Með lögreglustjórásátt 22. ágúst 2016 gekkst ákærði undir að greiða sekt og sæta ökuréttarsviptingu í fjóra mánuði vegna brots gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a í umferðarlögum. Þá gekkst ákærði undir lögreglustjórásátt 13. nóvember 2015 með greiðslu sektar vegna brots gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a í umferðarlögum. Þessu til viðbótar liggur fyrir ákvörðun héraðssaksóknara frá 8. desember 2017, birt 21. sama mánaðar, um frestun á útgáfu ákæru skilorðsbundið í tvö ár vegna meints brots gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærða samkvæmt ákærulið nr. 1 var framið fyrir fyrrgreinda sátt 9. mars 2017. Brot ákærða samkvæmt ákæruliðum nr. 2 og 3 voru framin eftir fyrrgreinda sátt 8. maí 2017. Refsing ákærða verður ákveðin samkvæmt 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða samkvæmt ákærulið nr. 1 beindist að mikilvægum verndarhagsmunum og með tjóni fyrir brotþola. Horfir það til refsíþyngingar samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá horfir sakaferill ákærða til refsíþyngingar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Til málsbóta horfir að ákærði

hefur skýlaust játað sök fyrir dómi vegna brota samkvæmt ákæruliðum nr. 2 og 3, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Tafir hafa orðið á meðferð mála ákærða hjá lögreglu og ákærvaldi af ástæðum sem eru honum óviðkomandi og ganga gegn málshraðareglu 2. másl. 3. mgr. 18. gr. og 2. másl. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður litið til þess við ákvörðun refsingar. Að öllu framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá upp-  
kvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gerð eru upptæk 0,49 g af kókaíni samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Þá er gerður upptækur vasahnífur samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 16/1998.

Brotapoli krefst skaða- og miskabóta að fjárhæð 749.638 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta, en höfuðstól þeirrar bótakröfu sundurliðar brotapoli nánar í þrjá kröfu-  
liði:

1. Miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 650.000 krónur.
2. Útlagður kostnaður samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1993 29.338 krónur.
3. Þjáningarbætur samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1993 70.300 krónur.

Þessu til viðbótar krefst brotapoli málskostnaðar, 495.380 krónur, samkvæmt sundur-  
liðaðri tímaskýrslu vegna vinnu lögmanns að meðtöldum virðisaukaskatti.

Við úrlausn á kröfulið nr. 1 liggur fyrir að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með því hefur ákærði verið fundinn sekur um að hafa valdið brotþola líkamstjóni með saknæmri og ólögmati háttsemi eins og áður greinir. Er því uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 36/1999. Ákærði byggir á því að þessi kröfu-  
liður sé tölulega of hár. Almennt má gera ráð fyrir miska vegna líkamstjóns af þeim toga sem hér um ræðir. Fyrir liggur að brotþoli brotnaði á vinnuhendi en hún hefur unnið við handverk og stundað nám í grafískri hönnun. Var því um að ræða talsverða röskun á högum hennar þegar hún slasaðist með fyrrgreindum hætti. Að þessu virtu og með vísan til framangreindra sjónarmiða sem hafa verið rakin um ákvörðun refsingar, auk almennrar dómaframkvæmdar í málum af þessum toga, verða miskabætur til hennar ákveðnar að álitum og þykja þær hæfilegar 400.000 krónur.

Kröfuliður nr. 2 um tjón samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1993 vegna útlagðs kostnaðar á Landspítalanum er studdur gögnum og sætir tölulega ekki andmælum af hálfu ákærða. Verður þessi kröfuliður tekinn að fullu til greina.

Kröfuliður nr. 3 um þjáningabætur samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1993 er miðaður við að brotaþoli var frá vinnu í 38 daga á tímabilinu frá 29. október 2016 til 5. desember sama ár. Dagafjöldinn er studdur vottorði B lækni og kröfuliðurinn sætir ekki tölulega andmælum af hálfu ákærða. Verður þessi kröfuliður tekinn að fullu til greina.

Að öllu framangreindu virtu verður ákærða gert að greiða brotaþola skaða- og miskabætur, samtals að fjárhæð 499.638 krónur.

Fyrir liggur að einkaréttarkrafa barst frá lögmanni brotaþola til embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 26. maí 2017. Krafan virðist hins vegar hvorki hafa verið kynnt fyrir ákærða við skýrslutöku sem fram fór af honum 8. júní sama ár né heldur síðar fram að málshöfðun, sbr. 4. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008. Að þessu virtu og með vísan til 2. másl. 9. gr. laga nr. 50/1993 verður ákærða gert að greiða brotaþola vexti og dráttarvexti af höfuðstól framangreindra skaða- og miskabóta eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafsdagur dráttarvaxta miðast við 24. júní 2019 sem var þingfestingardagur málsins.

Brotaþoli á tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærða vegna bótakröfunnar, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Þá ber að taka tillit til þess að brotaþoli er ekki virðisaukaskattskyldur aðili í skilningi 3. gr., sbr. VII. kafla laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. síðari breytingar. Brotaþoli hefur lagt fram sundurliðaða tímaskýrslu lögmanns hennar til stuðnings kröfunni og er skýrslan í meginatriðum trúverðug, auk þess sem tímagjaldi er stillt í hóf. Að þessu virtu verður málskostnaður brotaþola látinn ráðast af tímaskýrslunni, samtals 495.380 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og verður ákærða gert að greiða brotaþola þann kostnað.

Ákærða verður gert að greiða allan sakarkostnað málsins til ríkissjóðs, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, sem verða látin ráðast af tímaskýrslu, 398.970 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kristín Jónsdóttir aðstoðarsaksóknari. Af hálfu ákærða flutti málið skipaður verjandi hans, Stefán Karl Kristjánsson lögmaður. Af hálfu bótakrefjanda flutti málið Björgvin Þórðarson lögmaður.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 23. ágúst 2019 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

## D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Kristján Einar Sigurbjörnsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gerð eru upptæk 0,49 g af kókaíni og vasahnífur.

Ákærði greiði A, kt. [...], 499.638 krónur í skaða- og miskabætur, ásamt 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 af 70.300 krónum frá 29. október 2016 til 24. júní 2019, og með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 400.000 krónum frá 29. október 2016 til 13. nóvember 2016, af 419.772 krónum frá 13. nóvember 2016 til 28. nóvember 2016 og af 429.338 krónum frá 28. nóvember 2016 til 24. júní 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 af allri fjárhæðinni frá 24. júní 2019 til greiðsludags, auk 495.380 króna í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins til ríkissjóðs, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 398.970 krónur.

Daði Kristjánsson